

Forsætisráðuneytið

Mál nr. 173/2021

Umsögn um skýrsluna: Verðmætamat kvennastarfa, tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa.

4. október 2021

BHM styður heilshugar tillögur starfshóps um endurmat á virði kvennastarfa

Bandalag háskólamanna (BHM) fagnar skýrslu forsætisráðuneytisins um verðmætamat kvennastarfa. Hún er vel upp byggð og gerð góð grein fyrir sögulegum og samfélagslegum ástæðum þess að starfsgreinar þar sem konur eru í meirihluta eru ekki metnar að verðleikum auk þess að líta til annarra landa og aðferða við leiðréttingu á því vanmati. Það er ljóst að þótt lög hafi verið sett um jöfn laun fyrir sextíu árum þá er staðan enn óásættanleg. BHM telur tillögur skýrslunnar ná vel utanum þá vinnu sem framundan er og að stofnun aðgerðahóps eins og tiltekið er í skýrslunni sé algerlega nauðsynlegur.

Einnig telur BHM að verði farið í aðgerðir þær sem ræddar eru í skýrslunni verður tekið stórt skref í rétta átt sem verða öllu samfélaginu til góða. BHM telur brýnt að koma nokkrum atriðum á framfæri því til stuðnings.

Virðismat starfsgreina er rökrétt næsta skref til að útrýma launamuni

Starfsmatskerfið STARFSMAT sem sveitarfélögin hafa notast við er þeim annmörkum háð að takmarkast við grunnlaunaröðun. Það er reynsla aðildarféлага BHM að launamunur kynjanna sé falinn í öllu því sem er umfram grunnlaun og því tryggi starfsmatið ekki jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Nýleg greining hagfræðings BHM á launum karla og kvenna hjá nokkrum sveitarfélögum leiddi í ljós óásættanlegan mun á launum eftir kyni. Það er því mat BHM að mun meira þurfi til svo kynbundnum launamun verði útrýmt.

Lögfesting jafnlaunavottunar árið 2017 var jákvæð að einhverju leyti. Þar með var ábyrgð lögð á vinnuveitendur að greiða starfsfólki jöfn laun, ábyrgð tekin af starfsfólkinu sjálfu og launajafnrétti raunverulega eitthvað sem atvinnurekendur og stjórnendur þurftu að taka tillit til. Reynslan innan BHM er samt sú að jafnlaunavottunin virki ekki nógu vel, m.a. vegna þess hve hún er ógegnsætt verkfæri, hvorki stéttarfélög né starfsfólk taka þátt í vinnunni og hægt er að uppfylla staðalinn þótt kynbundinn launamunur sé til staðar. Nú gerir forsætisráðuneytið reglulega viðhorfskannanir til jafnlaunavottunarinnar og er sú fjórða í vinnslu. Það verður áhugavert að sjá hver árangurinn af innleiðingu vottunarinnar verður í heild sinni þegar fresturinn til að innleiða hana rennur út. BHM telur það hinsvegar alveg ljóst að meiri og markvissari aðgerðir þurfi til en jafnlaunavottunina eina.

Því fagnar BHM þeirri tillögu að unnið verði að virðismati starfsgreina, það er rökrétt næsta skref fyrir allan vinnumarkaðinn og til að leiðrétta laun í starfsgreinum sem konur sinna í meirihluta.

BHM styður tillögu um verkefni aðgerðahóps

BHM styður einnig heilshugar tillögu um aðgerðahóp stjórnvalda um launajafnrétti með aðild aðila vinnumarkaðarins og lýsir sig tilbúið að tilnefna aðila í hópinn. Jafnframt styður BHM tillöguna um að aðgerðahópur:

- Komi á fót þróunarverkefni um mat á virði starfa með því markmiði að skapa verkfæri sem fangar jafnvirðisnálgun laganna.
- Þrói samningaleið um jafnlaunakröfur með aðilum vinnumarkaðarins. Þar verði m.a. horft til áhrifa breytinga á ráðningasamböndum og útvistun starfa á launamun kynjanna.
- Þekkingaruppbyggingu og vitundarvakningu.


Ævitekjur kvenna eru 20% lægri en karla, konur bera skarðan hlut frá borði gegnumsneitt í samfélaginu. Skýringarnar eru m.a. sögulegt vanmat á virði starfa sem konur hafa í meirihluta sinnt í gegnum tíðina, oft launalaust. Þessi skekkja lagar sig ekki sjálf. Til þess þarf markvissar aðgerðir og BHM telur aðgerðirnar sem lagðar eru til í skýrslunni bæði rökréttar og skynsamlegar. Ævitekjur kvenna og karla verða að vera sambærilegar ef við ætlum að vera réttlátt og sanngjarnt samfélag.

BHM áskilur sér rétt til þess að koma með athugasemdir og viðbætur við umsögn þessa síðar en styður tillögur skýrslunnar í heild sinni og vill að áfram verði unnið með þær.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd BHM



Friðrik Jónsson
Formaður BHM



Elísa Jóhannsdóttir
Sérfræðingur BHM